



# VIÐTAL VIÐ RAUÐSOKKA

Nú eru liðin 7 ár frá því að Rauðsokkahreyfingin kom til liðs við baráttu sósíalista — fyrir betri kjörum og jöfnum rétti.

Tildrög hennar voru þau að hópur kvenna sem starfaði áður sem saumaklúbbur — umbreytti sér í leshring — er fjallaði um réttindi eða öllu heldur órétt kvenna. Má vekja þessa vakningu hópsins til vaxandi hreyfingu kvenna í nágrannalöndunum í kjölfar stúdentahreyfinganna 1968.

Í uppbyggingu og starfi hreyfingarinnar var reynt að forðast hið hefðbundna félags og fundarform. Hún vann fyrst og fremst í sjálfstæðum hópum og hafði hver hópur um sig sjálfsákvörðunarrétt. Tengill úr hverjum hópi myndaði miðstöð (miðju hreyfingarinnar) og sá hún um að koma upplýsingum til hópanna.

Hreyfingin var mikið með alls kyns uppákomur til þess að vekja á sér athygli og vekja aðra til umhugsunar. Var hún um tíma nokkurs konar leikhús götunnar og í rauninni það fyrsta sinnar tegundar hérlendis. Dæmi um slíkar aðgerðir má nefna — jólaaðgerð — þar sem vaska konur héldu á stórrí mynd af Mariu mey með SILLA & VALDA í fanginu, síðan var heljarmikil dúkka látin tákna hina þreyttu og þjökudu húsmóður jólaanna og mammonshátíðarinnar.

Rauðsokkahreyfingin hefur gengt leiðandi hlutverki í herferðum varðandi dagvistunarmál, frjálsar fóstureyðingar o.fl. Síðustu árin hefur starfið einkum beinst að verkalyðsmálum og kjaramálum verkakvenna og staðið fyrir velheppnuðum láglaunaráðstefnum.

Hér á eftir fer viðtal við þær Helgu Ólafsdóttur bókaforð og Vilborgu Dagbjartsdóttur kennara en þær hafa báðar starfað í Rshr meira og minna frá upphafi.

sp. Hver voru tildrög þess að Rauðsokkahreyfingin fer af stað? VD. Hreyfingin sprettur upp úr beinni þörf. Þarna stóð uppi traustur hópur pólitískt meðvit- aðra kvenna sem ekki fundu neina samleið með kvenréttinda- félögunum.

VD. Frá upphafi hefur hreyfingin verið í miklum tengslum við bar-



Frá vinstri: Guðrún, Vilborg, Ingibjörg, Helga

áttu námsmanna og er raunverulega áframhald af stúdentauppreisninni 1968. Stór hópur ungra kvenna í námi var með börn sín á götunni og aðstaða þeirra var vonlaus. Þegar Rauðsokkahreyfingin fer af stað var mjög freistandi að ímynda sér að hér væri byltingarástand, vegna þeirra góðu undirtekta sem hún fékk. En þetta voru skýjaborgir því meirihluti kvenna vildi halda óbreyttu ástandi.

sp. Var markmiðið þá einungis að fullnægja dagvistunarpörf?

VD. Nei, en það olli því að undirtektirnar voru svo góðar. Frá minum sjónarhóli er markmiðið að öðlast nýja lífssýn, nýjan grundvöll að standa á. Við þurfum að skapa heimsspekilega umræðu um lífsviðhorf okkar og heimsmynd. Konur eiga ekki bara að mennta sig til þess að hafa próf, heldur raunverulega til þess að skapa sér grundvöll og vita hvar þær standa.

sp. Stór hluti þeirra kvenna sem voru hvað atkvæðamestar í byrjun starfa ekki með hreyfingunni lengur. Hvað gæti hugsanlega valdið því?

VD. Öðrum þræði það að hreyfingin hefur farið svoltið út í að halda sjálfri sér gangandi, halda of fast í ákveðin mál sem höfða ekki lengur til allra sem byrjuðu.

sp. Hver vegna á þann aldur að ég á engin lítil börn, þess vegna er ég ekki góð baráttumanneskja fyrir dagvistunarmálum.

HÓ. Upphaflega reyndum við að vera eins óháðar pólitískum flokkum og mögulegt var og hreyfingin var opin öllum sem áhuga höfðu á jafnréttismálum. Þetta var hálfgerður línudans, en að því kom að við tókum pólitíska afstöðu og þá gengu nokkrar úr hreyfingunni.

sp. Hvers vegna var tekin pólitísk afstaða?

HÓ. Eftir því sem fram sótti varð ljóst að jafnréttisbaráttan verður ekki slitin úr samhengi við aðra félagslega baráttu, en stór hluti borgaralegra kvenna slitir kvennabaráttuna úr tengslum við þjóðfélagið því það er þeim í hag.

VD. Þegar fjallað er um stöðu konunnar þá er hún ekki sett í pólitískt samhengi. Kona verkamannsins hefur alls ekki sömu hagsmunu að gæta og kona forstjórans, vitaskuld er stéttaskipting meðal kvenna. Ég er á móti því að við séum í kvenréttindafélögum. Tilkneiging þeirra er sú að draga virkar konur út í einangraða kvennahópa og gera þær máttlausar.

sp. Hvert er álit ykkar á þeim kröfum sem nú eru að koma fram um aukna þátttöku kvenna í stjórnarmálum.

HÓ. Eigið þið við undirskriftarlista kvenréttindafélaganna? Þessum konum er enginn akkur í því að valdahlutföllin í þjóðfélaginu breytist — en það fátíðasta er að þær fá vinstri sinnabar konur til að skrifa undir.

VD. Hægri öflunum stendur ákaflega mikill stuggur af róttækri baráttu kvenna. Íhaldstruturnar geysast nú fram á völlinn í þeim tilgangi að nota og eyðileggja allt starf róttækra kvenna og kæfa það í marklausum orðaflaumum um tóm aukaatriði. Starf kvenréttindafélaganna er í raun fjandsamlegt konum, og baráttu kvenna. Lesið „19 júní“ í gegn! Sé nokkuð blað óvinveitt konum þá er það síðasti „19 júní“. Þar kemur úr berlega fram hin nýja stefna kvenréttindafélagsins. Þar stendur skýrum stöfum í leiðara, að það sé ekki markmið þeirra að leiðrétta allt misrétti, heldur einungis einhverja sneið sem þær álitu að snúi að konum. Þetta er ekkert annað en bein stefna gegn okkar baráttu.

Tökum sem dæmi lofsöng þeirra um konu í prestsembætti, konu sem prédikar kenningu fjandsamlega konum.

Þetta er ekki að berjast fyrir nýrri lífsskoðun, þetta er hagsmunabarátta íhaldsins.

HÓ. Þar sem Rauðsokkahreyfingin er sósíalísk hreyfing þá hlýtur hún að berjast gegn eignaskiptingunni, því er fátíðlegt að stuðla að viðhaldi hennar. sp. Hvernig hafa vinstri menn stutt ykkur í baráttunni?

HÓ. Það er raunalegt til þess að hugsa að Rauðsokkahreyfingin hafi ekki neinn stjórnmalaflokk á bak við sig. Ef við tökum t.d. Alþýðubandalagið, þá hafa þeir alls ekki gert konum nógu hátt undir höfði, þrátt fyrir að þetta sé sá flokkur sem ætti að skilja best að jafnréttisbarátta kynjanna er náteynd annarri stéttabaráttu. Tökum t.d. nýafstaðna verkalyðsmálaráðstefnu, þar hefði mér fundist sjálfsagt og mjög eðlilegt að þangað hefði verið boðið Sóknarkonum, þar sem það er eitt stærsta láglaunafélagið.

Vinstri sinnaðir karlmenn sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá og eru jafnframt virkir í félagsmálum þeim er ekki akkur í að konur verði virkari að sama skapi og þeir, því einhver verður að vera heimavið til þess að halda hlutunum gangandi.

VD. Hér er einnig um að ræða fólk sem þrugað er af of löngum vinnudegi — og hér vinna allir — jafnvel börnin sem margir vilja gleyma.

HÓ. Astandið er orðið þannig í dag að það þarf tvo til þess að framfæra einu heimili. Mér finnst krafan um lífvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudeg vera borin fyrir börð hjá verkalyðshreyfingunni. Fjöldi láglaunakvenna með börn á framfæri getur ekki bjargað við máluum með eftirvinnu.

VD. Atvinnurekendur spara á því að greiða fólk þrjá tíma í eftirvinnu á því verði sem raunverulega ætti að greiða fyrir dagvinnu. Verkalyðshreyfingin hefði átt að halda áfram yfirvinnubanninu, því það sýndi sig strax að félagslíf glæddist, fólk fann allt í einu tíma til að sinna áhugamálu sinum, fólk varð miklu hamingjusamara. Verkalyðshreyfingin hefur líka brugðist varðandi húsnæðismál. Hún ætti að berjast af allri sinni orku fyrir því að byggðar verði leiguíbúðir gegn sanngjörnu verði og undir opinberu eftirliti.

HÓ. Í dag er ástandið þannig að ungt fólk eyðir tíu bestu árum ævi sinnar til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þetta gerir það

að verkum að fólk verður sér ómeðvitað um þjóðfélagsástandið því það hefur einfaldfaldlega ekki tíma til að hugsa um það. Svona ástand er auðvitað algjörlega óviðunandi.

sp. Er Rauðsokkahreyfingin fjöldahreyfing?

HÓ. Það fer eftir þeim verkefnum sem brýn eru hverju sinni, hvort hún starfar sem fjöldahreyfing eða fámennur þrýstihópur.

VD. Rauðsokkahreyfingin hefur verið hvort tveggja í senn. Sem dæmi má nefna að það voru meðlimir Rauðsokkahreyfingarinnar sem fyrstir vöktu máls á báguum kjörum þrónakvenna og tilraun var gerð til að stofna félag. Nú sjö árum síðar hefur verið stofnað nýtt verkalyðsfélag, fólk þó verður sjálf að taka málin í eigin hendur það gerist ekki allt á einni svipstundu, hlutirnir þróast, en einhver verður að taka frumkvæðið. sp. Hverjir eru framtíðarmöguleikar hreyfingarinnar sem Rauðsokkahreyfingar?

HÓ. Það berjast engir aðrir fyrir hagsmunum kvenna en konurnar sjálfar og vettvangur slíks starfs er í Rauðsokkahreyfingunni.

VD. Við verðum að vinna með ungu fólk og ná frjóu sambandi við verkalyðshreyfinguna og námsmenn. Það getur enginn borið á móti því að rauðsokkahreyfingin hefur geysileg áhrif. En nú þarf að endurmeta stöðuna og finna nýjar aðferðir sem eðlilegt er eftir 7 ára starf.

Úti í heimi er verið að berjast niður síðustu leifar stúdentabyltingarinnar og það fólk sem enn heldur uppi órvæntingarfyllri baráttu er einangrað og myrt. Það er ekki byltingarástand hér í dag því eins og Lenin sagði: „Byltingarástand skapaðist ekki einu þjóðfélagi — fyrr enn meiri hluti fólksins — hvorki gæti unað né vildi lengur una við hlutskipti sitt“.

Guðrún Ögmundsdóttir, Ingibjörg Ravn Guðmundsdóttir (úr verkalyðshóp rauðsokka)